

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1691**2020/EES/29/02****frá 9. október 2019****um breytingu á V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB ⁽¹⁾, einkum 131. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er skrá yfir efni sem eru undanþegin skráningarskyldu í samræmi við b-lið 7. mgr. 2. gr. þeirrar reglugerðar.
- 2) Melta er hálfvöst eða fljótandi efnaleif sem hefur verið hreinsuð og stöðguð með lífrænu meðhöndlunarferli, þar sem síðasta þepið er loftfirrt meltun, og þar sem ílagsefnin sem notuð eru í ferlinu eru lífbrjótanlegir efniviðir sem koma eingöngu úr hættulausum efnivið sem er aðgreindur við upptök, s.s. matarúrgangi, húsdýraáburði og orkublöntum. Lífgas sem myndast í sama ferli og melta eða í öðrum loftfirrðum meltunarferlum, sem og molta sem myndast í loftháðum meltunarferlum svipaðs lífbrjótanlegs efniviðar, er þegar skráð í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006. Því ætti einnig að skrá meltu, sem er annaðhvort ekki úrgangur eða er ekki lengur úrgangur, í þann viðauka þar eð það er óviðeigandi og óþarfi að krefjast skráningar efnisins og undanþága þess frá II., V. og VI. bálki reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 hefur ekki áhrif á markmið þeirrar reglugerðar.
- 3) Sem stendur hafa engar skráningar verið lagðar fram fyrir meltu. Skráning meltu í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 ætti að skýra nánar að melta sé undanþegin skráningu af sambærilegum ástæðum og þeim sem liggja til grundvallar gildandi undanþágu fyrir moltu og lífgas og eyðir þannig óvissuatriðum sem koma upp hjá framleiðendum og notendum meltu og hjá fullnustuyfirvöldum.
- 4) Því ætti að breyta V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 259, 10.10.2019, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/2020 frá 20. mars 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. október 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í stað 12. liðar í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 kemur eftirfarandi:

„12. Molta, lífgas og melta.“
